

Endurvinnsla og ævintýraferðir

● Leikskóli Seltjarnarness fær Grænfánann í fimmta sinn ● Stór þáttur í skólastarfinu

FRÉTTASKÝRING

Hólmfríður Gísladóttir
holmfridur@mbl.is



Leikskóli Seltjarnarness hlaut á dögunum Grænfánann í fimmta sinn en fáninn er viðurkenning fyrir störf og stefnumótun í þágu umhverfis- og náttúruverndar. Umhverfismennt er ein af megináherslum leikskólastarfsins en auk þess að fræðast um náttúruna taka börnin virkan þátt í umhverfisvernd með moltugerð, endurnýtingu pappír og flokkun sorps, svo einhver dæmi séu nefnd. Þá fara þau vikulega í vettvangs- og upplifunarferðir og stunda blómlega matjurtarækt.

Skólinn varð til árið 2010 þegar leikskólarnir Mánabrekka og Sólbrekka voru sameinadír en það var fyrir tilstuðlan starfsfólks á Mánabrekku að umhverfisvernd var tekin inn í skólastarfið og skólinn fékk Grænfánann árið 2004 í fyrsta sinn. Eitt af fyrstu verkefnum sem tekin voru upp var moltugerð og í dag er lítil græn fata á öllum deildum leikskólans þar sem börnin safna lífrænum úrgangi. Úrgangurinn fer síðan út í tunnur sem eru tæmdar á vorin og afraksturinn borinn á trjábed umhverfis skólann.

Starfsmenn sitja í umhverfisnefnd

„Börnin taka virkan þátt í þessu og þetta er rosalega gaman. Alls kyns verkfæri eru notuð, s.s. skóflur, fötur, vörubúlar og hjólbörur, sem við mokum moltunni í og börnin setja þetta í trjábedin. Þannig verður til einhvers konar hringrás,“ segir Anna Harðardóttir aðstoð-

arleikskólastjóri, sem hefur haft umsjón með umhverfisverkefninu.

Hún segir að til standi að virkja börnin enn frekar, t.d. með því að skipa vikulega umsjónarmenn úr þeirra hópi til að fylgjast með því að ekkert fari til spillis. „Við kennum þeim að fara vel með alla hluti, eins og bækur, pappír, vatn og rafmagn. Að slökkva t.d. ljósið þegar dagsbirtan nægir,“ segir Anna. Þá sé t.d. alltaf prentað báðum megin á allan pappír.

Starfsfólk leikskólans tekur virkan þátt í umhverfisverkefninu og segir Anna starfíð augljóslega farið að smita út frá sér; fólk sé farið að huga að náttúruvernd heima fyrir og skammist sín jafnvel ef það er ekki nógu duglegt við endurvinnsluna. „Allir starfsmenn taka þátt í starfinu og við erum með svokallaða umhverfisnefnd þar sem einn starfsmaður af hverri deild situr fundi með mér og leikskólastjóranum auk þess sem foreldrar taka þátt og við förum saman yfir það hvað við erum að gera og hvað við gætum gert betur.“

Upp í munn og ofan í maga

Staðsetningu leikskólans á Seltjarnarnesi segir Anna afar heppilega þar sem stutt sé að sækja í fjölbreytt umhverfi. Vettvangsferðir, stundum kallaðar ævintýraferðir, séu mikilvægur þáttur í umhverfismenntun barnanna og geri mikið til að efla tengsl þeirra við náttúruna.

„Við erum svo heppin hérna á nesinu að það eru svo margir fallegir og góðir staðir; fjaran, Valhúsaheð, Bakkatjörn; við erum meira að segja með lítinn skóg,“ segir Anna. „Það sem mér finnst svo mikilvægt í þessu er að börn



Grænfáninn Krakkarnir hafa sannarlega verið duglegir og lagt sitt af mörkum til að vernda umhverfið og náttúruna. Anna segir næsta skref að virkja foreldrana betur í starfinu.



Fjörufaró Börnin á leikskólanum fara vikulega í ævintýraferðir á Seltjarnarnesinu.

sem búa í borg fái tækifæri til að tengjast náttúrunni og ég vil meina að við sáum dýrmætum fræjum þarna, því þegar maður fer oft á sama staðinn fer manni að þykja vænt um hann,“ segir hún.

Börnin merkja árangur starfsins e.t.v. hvergi betur en í matjurtagarði leikskólans, þar sem þau rækta fjölbreytt úrval grænmetis. Til að byrja með var efnt til hátíða til að fagna uppskerunni en nú fá börnin að tína sitt spergillkál sjálf og beint í munninn. Það smakkast nefnilega betur þannig.

„Við ákváðum að hafa þetta með öðru sniði í fyrra þegar við sáum hvað börnin sóttu í garðana,“ segir Anna. „Grænmetið var ekki eins spennandi þegar við tándum það, klipptum og hreinsuðum og settum í skálar. Þá var það ekki eins gott.“